Reykjavík 30. apríl 2015
Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Við Austurvöll
150 ReykjavíkA

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur – Atlantshafsmakríl, 691. mál.

Inngangur
Stjórnmálasamtökin Dögun hafna alfarið lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um kvótasetningu á makríl. Dögun hafnar þeim þjófnaði og þeirri einkavinavæðingu sem þar er ráðgerð. Málsmeðferð þingsins er fyrir neðan allar hellur, en það tekur út yfir allan þjófabálk að Páll Jóhann Pálsson alþingismaður Framsóknarflokksins skuli taka þátt í að stýra vinnu þingsins í Atvinnuveganefnd. Þingmaðurinn hefur sjálfur gríðarlega fjárhagslega hagsmuni af því að frumvarpið verði samþykkt. Frumvarpið er birtingarmynd þess að ekki sé gefið rétt í samfélaginu og að ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks gangi þvert á almannahasmuni í gæsku sinni við ríkasta fólkið á Íslandi. Afleiðingin af stefnunni er augljós; Íslendingar sem eru í 14. sæti yfir þjóðir með mestu þjóðartekjur á mann í heiminum, ráða ekki við að; reka velferðarkerfi, endurbæta vegakerfið og kaupmáttur íslensks almennings er svipaður og hjá þjóðum þar sem þjóðartekjur á mann eru helmingurinn af því sem þær eru á Íslandi!
Athugasemdir við einstaka greinar:
1. og 3. gr.
1. grein frumvarpsins felur í sér að fella á brott þau markmið sem fram koma í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, sem felur í sér að úthlutun aflaheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Í frumvarpinu er einnig felld út markmiðssetning löggjafarinnar sem er á þann veg að stuðla að verndun og hagkvæmari nýtingu fiskistofna auk þess að gæta að byggða- og atvinnusjónarmiðum. Í frumvarpinu er ekki að finna neinn haldbæran rökstuðning fyrir umræddum breytingum, sem grafa augljóslega undan forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni samhliða breytingum sem fram koma í 3. gr., að aflaheimildum sé úthlutað til 6 ára sem framlengist sjálfkrafa í eitt ár í senn. Með framangreindum breytingum á 1. gr. og **3.gr**. er verið að leggja til að afhenda örfáum aðilum gríðarleg auðæfi til varanlegrar einkaeignar.
Breytingin er í engu skýrð út, hvorki frá fiskverndarsjónamiðum né almannahag. Í frumvarpinu er beinlínis bent á að meiri óvissa sé um makrílinn en aðra fiskistofna og því mótsagnakennt að frumvarpið njörvi niður úthlutun til næstu 7 ára, á einhverju sem enginn veit hvernig verður. Hvað varðar almannahagsmuni, þá er greint frá því að tiltekin útgerð hafi kosið að stefna íslenska ríkinu vegna meintrar rangrar úthlutunar á veiðiheimildum og þess vegna hafi frumvarpið komið fram, sem felur augljóslega í sér að fallist sé á í einu og öllu á ýtrustu kröfur stefnanda. Það má því segja að sjávarútvegsráðherra hafi haft að leiðarljósi „spakmælið“ Heiðra skaltu skálkinn, svo að hann skaði þig ekki.
Nánast óafturkræft afsal veiðiheimildanna getur haft afleiðingar sem ekki er hægt að sjá fyrir svo sem hvort stór verksmiðjuskip sem mögulega verða að stórum hluta í eigu útlendinga, geti tekið einhliða ákvörðun um að landa makrílafla í erlendis. Sömuleiðis þarf að liggja fyrir hvort breytingin feli í sér að stjórnvöld geti ekki lengur sett kvaðir um að ákveðinn hluti afla íslenskra skipa skuli landað til manneldis.

2. gr.
Í efnahagslögsögunni eru fjölmargar fisktegundir sem stjórnvöld stjórna veiðum á, en það mun hvorki auka skilvirkni né skýrleika stjórnsýslunnar, ef sett verða sér lög um hverja og

eina fisktegund þar sem er að finna mismunandi heimildarákvæði um stjórn og kvótasetningu veiða. Í umfjöllum um greinina í athugasemdum við einstaka greinar frumvarpsins kemur fram að verið sé að árétta heimild sem fyrir er í lögum. Greinin er því óþörf.

4. gr.
Greinin kveður á um varanlega skiptingu á almannagæðum, einkum á grundvelli veiðireynslu. Mannréttindandefnd Sameinuðu þjóðanna komst að því í umfjöllun sinni um Vatneyrarmálið að misbrestur hefði verið á því við upptöku kvótakerfisins að gætt hafi verið sanngirni þegar tímabundnar aflaheimildir breyttust í varanlegar aflaheimildir. Með þeirri skiptingu sem lagt er til í frumvarpinu er í engu verið að bæta vinnubrögð stjórnvalda til að tryggja jafnræði borgaranna. Frumvarpið ber með sér að verið er að klæðskerasauma ákveðnum aðilum veiðiheimildirnar. Einna skýrustu merki þess er sú furðulega úthlutun sem Davíð Freyr Jónsson fær sem er í engu samræmi við veiðireynslu útgerðar hans.

Þegar makríll fór að veiðast hér við land í miklu magni upp úr miðjum fyrsta áratug aldarinnar, þá var um að ræða meðafla á síldarveiðum. Einu útgerðarmennirnir sem gátu veitt makríl voru þeir sem höfðu yfir veiðiheimildum að ráða í síld. Af því leiddi að þeir einir gátu aflað sér veiðireynslu í makríl sem höfðu áður fengið gjafakvóta í síld, það er því ósvífni að tala um frumkvöðlastarf í þessu sambandi og ekki síður er það ósvífni að ætla að veita sumum bátum 43% aukinn kvóta vegna “frumkvöðlastarfs” sem ekkert er, það virðist aðrins vera leið til þess að stýra kvótanum í hendur ákveðinna manna.
Góð aflabrögð voru í veiðunum upp úr 2009 og fóru margar útgerðir þá leið að veiða sem mest til þess að afla veiðireynslu sem gæti þá myndað grunn að varanlegum makrílkvóta. Einkenndust veiðarnar í fyrstu af óábyrgum veiðum þar sem markmiðið var að veiða sem mest í bræðslu óháð þeim verðmætum sem hægt var að búa til úr aflanum til manneldis. Til þess að stemma stigum við sóuninni, þá setti þáverandi sjávarútvegsráðherra, Jón Bjarnason, reglur sem skylduðu útgerðir til þess að vinna ákveðinn hluta aflans til manneldis. Margir útgerðarmenn sem lagt er til að fái í þessu frumvarpi varanlegar veiðiheimildir, mótmæltu reglunum og notuðu vafasöm rök til þess að fá að halda áfram sóuninni, án afskipta stjórnvalda. Að framansögðu má ljóst vera að sú skipting sem lögð er til er hvorki sanngjörn né siðferðilega verjandi á nokkurn hátt. Sanngjarnara væri að skipta veiðiheimildum jafnt á milli íslenskra skipa sem stunda veiðar á makríl og gefa krókaveiðar á makríl frjálsar., einnig væri hægt að leyfa útgerðarmönnum sjálfum að ákveða árlega hvað þeir vilja veiða mikið með því að bjóða í þær veiðiheimildir sem koma til skiptanna.
Lokaorð
Frumvarpið elur á sundurlyndi íslenskrar þjóðar og þjónar aðeins ríka fólkinu á Íslandi. Dögun leggur til að ríkisstjórnin slíti ekki í sundur friðinn og dragi frumvarpið strax til baka. Gæfulegra er að leita raunverulegrar sáttar og efla samtakamátt þjóðarinnar.

Fyrir hönd framkvæmdaráðs Dögunar
Helga Þórðardóttir

--
Helga Þórðardóttir
Seiðakvísl 7
110 Reykjavík
S: 8642987